

## Leiðbeiningar fyrir höfunda fræðigreina í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla

Stjórnmal og stjórnsýsla er vísindatímarit sem birtir niðurstöður frumlegra rannsókna á íslenskum stjórnmalum og viðfangsefnum sem tengjast opinberri stefnumótun.

Tímaritið tekur við greinum frá stjórnála- og stjórnsýslufræðingum, en einnig greinum af öðrum fræðasviðum þegar efnið þeirra tengjast íslenskum stjórnmalum eða opinberri stjórnsýslu og stefnumótun. Því eru oft birtar greinar eftir félagsfræðinga, hagfræðinga, heimspekinga, lögfræðinga, sagnfræðinga, og viðskiptafræðinga þegar efni greina þeirra tengist stjórnmalum, stjórnsýslu og/eða opinberri stefnumótun.

Tímaritið birtir greinar á ensku eða íslensku. Þegar greinar eru skrifaðar á íslensku þarf einnig að fylgja þeim útdráttur og efnisorð á ensku og heiti greinarinnar á ensku.

Skilyrði er að höfundar skili greinum samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum.

### Útgáfutíðni og skilafrestur

Tímaritið er gefið út á vefformi tvisvar á ári; vorhefti um miðjan júní og hausthefti um miðjan desember.

Skilafrestur greina er: 1. apríl fyrir vorheftið og 1. október fyrir haustheftið.

Prentuð útgáfa fræðigreina beggja tölublaða fyrra árs kemur úr í mars árið eftir.

### Skil á grein gegnum OJS vefumsjónar- og ritstjórnarkerfi

Frá árinu 2014 skila höfundar greinum sínum til tímaritsins gegnum OJS vefumsjónar- og ritstjórnarkerfi tímaritsins. Höfundar fara eftir leiðbeiningum um skráningu í kerfið og innsendingu greina til tímaritsins (sjá *Um innsendingar greina*).

Að loknum skilafresti fer greinin til skoðunar hjá ritnefnd. Ritstjórar tímaritsins áskilja sér rétt til að hafna greinum án ritrýni telji þeir ljóst að grein henti ekki til birtingar eða falli ekki undir tilgang tímaritsins. Höfundur getur fylgst með ferli greinar sinnar í kerfinu og fær tilkynningu frá því þegar ritrýnir hefur skilað umsögn sinni. Lokaútgáfu greinar, eftir lagfæringar, er aftur skilað inn í kerfið með umbeðnum upplýsingum um höfunda í greininni sjálfri (sjá hér fyrir neðan um nöfn höfunda).

### Höfundaréttur

Höfundaréttur liggur hjá höfundi sjálfum. Höfundar veita tímaritinu rétt til að framselja afnotarétt af efni greina sinna til erlendra gagnagrunna sem tímaritið hefur gert samninga við.

### Lengd

Hámarks lengd greina er 10.000 orð að útdrætti og heimildaskrá meðtöldum. Undantekningar eru einungis gerðar ef augljós rök liggja til þess og greinarhöfundur sýnir fram á þau í meðfylgjandi bréfi. Hollt er að hafa í huga að flest efni má stytta án þess að það bitni á gæðum.

### Ritrýni

Stjórnmal og stjórnsýsla er ritrynt tímarit með „gagnkvæmri leynd“ (e. double blind) þar sem umsagnaraðilar fá ekki upplýsingar um greinarhöfunda og greinarhöfundur ekki upplýsingar um ritrýna. Vegna smæðar hins íslenska fræðasamfélags er mælt með að greinarhöfundar gangi frá sérstakri útgáfu greinarinnar þar sem ekki hafa aðeins verið tekin út nöfn höfunda í upphafi heldur einnig annað efni sem kann að gera greinina auðrekjanlega.

Til að grein fái birt í tímaritinu þarf að vera nýnæmi að efninu og það er greinarhöfunda að sýna fram á í hverju það felst. Nýnæmi getur falist í kenningarlegu framlagi, aðferðafræði og því að ný gögn séu kynnt. Greinarhöfundar gera grein fyrir nýnæmi í stuttri greinargerð sem fylgi grein sem send er til birtingar í tímaritinu. Efni sem birst hefur áður í bókum eða fræðitímaritum er að öðru jöfnu ekki tekið til birtingar í tímaritinu.

*Algeng krafa tímarita í félagsvísindum til greina er að þar megi finna eftirfarandi:*

- a. Greinargerð um nýnæmi rannsóknar. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir að fræðilegur rammi tengist fræðasviðum stjórn málafræðideildar eða að um sé að ræða aðra augljósa tengingu við stjórn mála- og stjórnsýslufræði.
- b. Yfirlit yfir skrif annarra fræðimanna og rannsóknir sem tengjast efninu.
- c. Skýringu á hugtökum, mælingum og aðferðafræði rannsóknarinnar.
- d. Greiningu á þeim gögnum sem aflað var.
- e. Greinargerð um helstu niðurstöður.
- f. Umræðu um niðurstöður í samhengi við þann fræðilega ramma sem kynntur var í upphafi.

*Niðurstöður ritrýni geta verið ferns konar:*

1. að grein sé samþykkt óbreytt (sem er fremur sjaldgæft);
2. að grein sé samþykkt með fyrirvara um breytingar;
3. að gerð sé krafa um viðamiklar breytingar og grein sé lögð aftur undir ritrýna;
4. að grein sé hafnað.

Sé grein samþykkt með fyrirvara eru greinarhöfundar beðnir að tiltaka með hvaða hætti þeir hafa tekið tillit til ábendinga ritrýna þegar þeir skila endurskoðaðri útgáfu. Ritrýnar skila skriflegu álitum inn í OJS kerfið á svæði greinarinnar með rökstuddri niðurstöðu (sjá upplýsingar fyrir ritrýna í hægri dálki á heimasíðu ritsins). Ritstjórn tekur hins vegar endanlegar ákvarðanir um birtingu. Greinarhöfundar eru beðnir að virða það að ritrýnar jafnt sem ritstjórn vinna sitt verk eftir bestu samvisku. Ritstjórn tekur ekki að sér að rökræða við greinarhöfunda um gæði þeirrar ritrýni sem þeir hafa fengið né um niðurstöður ritrýni að öðru leyti.

### **Prófarkalestur**

Ritstjórn tímaritsins hefur ekki tök á að kosta viðamikinn prófarkalestur greina og er hann því á ábyrgð höfunda. Ritstjórn leggur áherslu á vandaðan prófarkalestur. Gerð er krafa um að greinarhöfundar leiti til reyndra prófarkalesara og láti nafn hans fylgja með þegar grein er send til ritstjórnar. Höfundum sem skrifa á öðru tungumáli en móðurmáli sínu er sérstaklega bent á að tryggja vandaðan prófarkalestur greina áður en þær eru sendar til tímaritsins. Við lokayfirlestur geta yfirlesarar tímaritsins gert athugasemdir við málfar og stafsetningu.

### **Handrit**

Senda skal fullbúið handrit samkvæmt neðangreindri forsögn í gegnum OJS kerfið. Nota skal nýlega útgáfu af Word ritvinnsluforritinu. Skrifa skal grein inn í eða afrita inn í sniðmát tímaritsins sem höfundar sækja á vef tímaritsins. Nota skal eftirfarandi reglur um leturgerð og leturstærð, uppsetningu o.fl.:

## Heiti greinar

Heiti greinar skal stutt og lýsandi fyrir efni hennar. Ekki er gert ráð fyrir undirtitli. Heiti greinar er í leturgerðinni Calibri, 20 punktar. Enskt heiti greinar kemur fram fyrir ofan enskan útdrátt (Abstract) á fyrstu síðu.

## Nöfn höfunda

Við innskráningu í OJS kerfið eru nöfn höfunda greina, akademískur titill og vinnustaður skráð sérstaklega. Til að tryggja nafnleynd eiga þessar upplýsingar ekki koma fram í grein sem skilað er inn í kerfið til ritrýni. Þær skulu hins vegar koma fram í lokaútgáfu greinarinnar sem færð er inn í kerfið eftir að lagfæringar hafa verið gerðar á grein í kjölfar ritrýni. Nafn fyrsta höfundar/tengiliðar ásamt netfangi komi fram í fæti (sjá hér fyrir neðan).

## Útdráttur/Abstract

Greinum skulu fylgja útdrættir á íslensku og ensku sem ekki eru lengri en 250 orð hvor og fjalla um markmið, umfang og helstu niðurstöður greinar. Útdráttur er inndreginn eins og fram kemur í grunnskjali (nálægt 1.27 sm.) Ef grein er á ensku er ekki gert ráð fyrir íslenskum útdrætti.

## Efnisorð/Keywords

Fyrir neðan útdrátt koma 3-5 efnisorð greinar. Einnig samsvarandi ensk efnisorð undir enskum útdrætti.

## Meginmál

Hefja skal innslátt/afritun fyrir neðan útdrætti. Meginmál er í Garamond 12 punktum, enginn inndráttur er í fyrstu málsgrein hvers kafla. Ný málsgrein innan kafla er inndregin. Línubil 1,5. Gerð skal grein fyrir hvar í texta myndir og töflur eiga að birtast. Spássíur skulu jafnaðar.

## Fyrirsagnir

Fyrirsagnir eru í Calibri letri, feitletraðar, en ekki skáletraðar né undirstrikaðar. Nota á 3 eða færri gerðir fyrirsagna í grein. Ennfremur er æskilegt að köflum séu gefin heiti. Fyrirsagnir á að setja í "header" stíla sem hér segir:

- Header 2 er fyrir fyrirsagnir meginkafla (1. Kaflaheiti)
- Header 3 er fyrir fyrirsagnir undirkafla (1.1 Kaflaheiti)
- Header 4 er fyrir fyrirsagnir undir-undirfyrirssagna. (1.1.1 Kaflaheiti).

Með notkun stíllanna verða bil milli texta og fyrirsagna hæfilega há. Allar fyrirsagnir séu vinstri jafnaðar, en ekki miðjaðar.

## Myndir

Skýringar þarf að skrifa með myndum eftir því sem við á. Vinsamlegast notið ekki myndir í lit nema tryggt sé að myndefnið skili sér með skýrum hætti í prentaðri, útgáfu í gráskala. Myndir skulu vera í prentgæðum minnst 300 punkta/tommur. Þeim skal skila í sérstöku skjali í jpg formi.

Númeraður myndatexti skal hafður yfir myndum í megin skjali. Texti í töflum og töfluheiti skal vera í Calibri 12 punkta letri, *svona*:

**Mynd 1.** Samanburður þjóðmenningar með VSM 94, fimm lönd

## Töflur

Texti í töflu skal vera með 1,5 línubili. Tafla má fylgja í texta með einfaldri og lýsandi fyrirsögn. Flóknari töflum skal skila í jpg. formi. Töflur skulu vera í númeraröð. Nota skal tabs eða töfluaðgerðir tölvu við gerð á töflum. Ekki nota slá (orðabil) til að stýra bili milli dálka.

Tilvísanir/heimildir undir töflum verði í Garamond 12p letri. Hafa töflur sem einfaldastar og forðast að nota kassa. Texti í töfluheiti er með Calibri 12, *svona*:

### Tafla 3. Menntun aðstoðarmanna ráðherra eftir tímabilum

#### Aftanmálgreinar

Aftanmálgreinar birtast númeraðar aftast í grein, fyrir framan heimildaskrá. Þær eiga að vera stuttar og takmarkast við mikilvægar útskýringar. Letur: Garamond 9 punktar. Einfalt línubil. Númer vinstristillt, texti neðanmálgreinar jafnaður og inndreginn um 5 punkta. *Dæmi*:

- 1 Norrænn samburður byggist á skýrslum danska fjármálaráðuneytisins (Finansministeriet) „Embedsmænds rådgivning og bistand“ (2004) og „Forholdet mellem minister og embedsmænd“ (1998). Þess má geta að svokölluð stjórnkerfisnefnd sem skipuð var af forsætisráðherra 1983 lagði til að stofnað yrði nýtt embætti ráðherraritara í stað aðstoðarmanna ráðherra semvirdist hafa átt að hafa sambærilega stöðu og embætti pólitískra ráðuneytissjóra í Svíþjóð og Noregi (Alþt. A 108. þing [1985-86], 1529).

#### Tilvísanir

Tilvísanir í texta eru á eftirfarandi hátt: Rokkan (1975) eða (Einar Arnórsson 1915; Valen & Rokkan 1977) eða þegar er vísað í blaðsíðu líka (Pesonen 1968, 15). Æskilegt er að vitna eins nákvæmlega í heimildir og við á hverju sinni og nota blaðsíðutöl eða kafla ef slík afmörkun tilvísunar auðveldar leit í frumheimild.

#### Heimildir

Heimildaskrá á að fylgja grein á aðskildum síðum. Heimildir eiga að vera ónúmeraðar og í stafrófsröð höfunda (ættarnafn erlendra höfunda). Þetta er í samræmi við kerfi Scandinavian Political Studies. Í skránni eiga að koma fram allar heimildir sem vísað er til í texta, töflum og skýringum. Letur og uppsetning: Garamond 10 punktar. Einfalt línubil. Ekki eru höfð greinaskil á milli heimilda en 5 punkta hangandi inndráttur. Þegar grein er skrifuð á íslensku eru íslenskar gæsalappir eru hafðar um titla tímaritsgreina en titlar bóka og tímarita skulu skáletraðir. *Dæmi*:

- Ashton, S. (1991). „The Farmer Needs a Wife“, í J. Aaron, T. Rees og S. Betts (ritstj.), *Our Sisters' Land: The Changing Identities of Women in Wales* (bls. 122-139). Aberystwyth: University of Wales Press.
- Bjarni Benediktsson (2007). „Of lítið samráð“, *Morgunblaðið*, 10. nóvember.
- Boel, M.F. (2008, apríl). *Balanced rural areas and balance in the CAP*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Women's Food and Farming Union, Wales.
- Bogdan, R.C. og Taylor, S.J. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods*. A Guidebook and Resource (3. útg.). New York: Wiley.
- Corbett, R., Jacobs, F. og Shackleton, M. (2000). *The European Parliament* (4. útg.). London: John Harper Publishing.
- Damgaard, E. (1974). „Stability and Change in the Danish Party System over Half a Century“, *Scandinavian Political Studies* 9, 103-125.
- EFTA Secretariat (e.d.). „EFTA Surveillance Authority.“ Sótt 9. febrúar 2008 á <http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/institutions/ESA>
- Einar Arnórsson (1915). *Íslensk þjóðfélagsfræði*. Reykjavík: UMFÍ.
- George, A.L. (1979). „Case Studies and Theory Development: The Method of Structured, Focused Comparison“, í P.G. Lauren (ritstj.), *Diplomacy: New Approaches in History, Theory, and Policy*. New York: Free Press.

- Jóhanna Jónsdóttir (2008). „Getur ESB tryggt að stefnumál þess séu framkvæmd á Íslandi?“, í Auðunn Arnórsson (ritstj.), *Evrópuvitund*. Reykjavík: Alþjóðamálastofnun.
- Morgunblaðið (2000a). „Áfangasigur í málinu að mati utanríkisráðherra“, 1. desember.
- Morgunblaðið (2000b). „Landbúnaðarráðherrar leyfa áfram fiskimjöl í dýrafóðri“, 5. desember.
- Ólafur Ragnar Grímsson (1982). „Iceland: A Multilevel Coalition System“, í E. Browne og J. Dreijmanis (ritstj.), *Government Coalitions in Western Democracies*. New York: Longman.
- Pesonen, P. (1968). *An Election in Finland*. New Haven: Yale University Press.
- Stefán Ólafsson (2008). „Íslenska efnahagsundrið – frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 4 (2), 231-256.
- Valen, H. og Rokkan, S. (1977). „Norway: Conflict Structure and Mass Politics in a European Periphery“, í R. Rose (ritstj.), *Electoral Behavior: A Comparative Handbook*. New York: Free Press.

### Upplýsingar um höfunda

Greinum í lokafrágangi skulu ennfremur fylgja upplýsingar um menntun og stöðu höfunda. *Dæmi:*

Gunnar Helgi Kristinsson (ghk@hi.is), prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann lauk BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1981, M.Sc. í sömu grein frá London School of Economics and Political Science 1982, Ph.D. í stjórnmálafræði frá University of Essex 1990.